

Nd.

574. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgrein:

Séu iðgjöld eigi greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal iðgjaldsgreiðandi greiða félaginu dráttarvexti, er nemi $\frac{1}{2}\%$ — hálfum af hundraði — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem liðinn er frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.